



LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA

Selfoss 11. maí 2016.

Umsagnaraðilar

Landssamtök skógareigenda (LSE)

Umsögn um

Pingskjal 1100 – mál nr. 672 á 145. löggjafabingi.

Stjórnarfrumvarp. Umhverfis- og auðlindaráðherra.

Landssamtök skógareigenda (LSE) fagnar framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrrar skógræktarstofnunar. Mörg tækifæri felast í þessari sameiningu og trúum við því að skógræktin í landinu styrkist í framtíðinni og verði öflug og arðbær atvinnugrein sem felur í sér traustari byggð og fjölbreytni í atvinnusterkari um land allt.

Umsögn LSE

LSE gerir athugasemdir við 6. grein í II. kafla um breytingu á lögum um landshlutaverkefni í skógrækt, nr. 95/2006 þar sem segir að Skógræktin skuli hafa samráð við Félag skógarbænda á viðkomandi svæði varðandi áherslur og framkvæmd skógræktar á lögbýlum og skal fundað í þeim tilgangi eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Og að Skógræktin skuli leita umsagnar LSE við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykks kostnaðar.

Stjórn LSE telur að kveða þurfi fastar að orði. Mikilvægt er að hafa gott samráð við skógarbændur en einnig er mikilvægt að skógarbændur taki þátt í ákvarðanatöku um málefni sem snertir skógrækt á lögbýlum. LSE leggur til að orðið samkomulag komi í stað umsagnar í málsgreininni „að skógrætin leiti umsagna við LSE um ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykks kostnaðar“

Greinagerð

Við sameiningu Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefnanna (LHV) falla úr gildi lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006. Í 5. gr. þeirra laga er kveðið á um að skipuð er þriggja manna stjórn, þar af einn frá félagi skógarbænda. Þessi stjórn samþykkti starfs og fjárhagsáætlanir og fl. En í frumvarpinu um breytingar á lögum vegna nýrrar skógræktarstofnunar er einungis talað um samráð við skógarbændur.

Mesta skógræktin í framtíðinni kemur til með að vaxa upp á landi í eigu skógarbænda og er því mikilvægt að þeir hafi áhrif á framgang skógræktar á lögbýlum.

Auka má aðkomu skógarbænda að ákvörðunartökum vegna skógræktar á lögbýlum með því að efla hlutverk fagráðs. Mikilvægt er að LSE fái fulltrúa landshlutaverkefnanna við sameiningu SR og LHV og verði þá með tvo fulltrúa á móti tveimur fulltrúum Skógræktarinnar, einum fulltrúa frá Skógræktarfélagi Íslands, einum fulltrúa LBHÍ og einum frá ráðuneytinu. Með því skapaðist betra jafnvægi á milli Skógræktarinnar og skógarbænda.